

# **Skógarvörðurinn á Norðurlandi**

**Starfsskýrsla fyrir árið 1992**

**Sigurður Skúlason**

# 1. VEÐURFAR ÁRSINS

## 1.1. Tíðarfarsyfirlit

**Í janúar** voru suðlægar áttir algengastar, þó nokkuð bæri á norðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 11.6 stig þann 19. janúar. Lágmarkshiti var -15.7 stig þann 4. janúar. Meðalsnjódýpt var 51 cm., mest 59 cm. 7. janúar.

**Í febrúar** voru suðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 8.4 stig þann 6. febrúar. Lágmarkshiti mældist -13.5 stig 4. og 5. febrúar. Mesta snjódýpt mældist 11 cm. þann 29. febrúar.

**Í mars** voru nokkuð breytilegar áttir, þó voru suðlægar og norðlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti var 9.3 stig þann 8. mars. Lágmarkshiti mældist -19.2 stig þann 15. mars, sem var mesta frost sem mældist á árinu. Mesta snjódýpt mældist 16 cm. þann 14. mars.

**Í apríl** voru mjög breytilegar áttir, en mest þó sunnan og norðanáttir eins og í mars. Hámarkshiti var 8.6 stig, þann 21. apríl. Lágmarkshiti mældist -9.7 stig þann 7. apríl. Mesta snjódýpt mældist 15 cm. 1. og 6. apríl.

**Í maí** var sunnanátt tíðust, þó vindáttir væru breytilegar. Hámarkshiti var 20.5 stig 26. maí. Lágmarkshiti mældist -8.4 stig 10. maí. Snjór mældist 6 daga í maí, mest 15 cm. þann 14. maí. Birki byrjar að bruma 14. maí og komið með grænan lit 17. maí og allaufgað 31. maí. Lerki fór að bruma 17. maí og komið með grænan lit 22. maí og algrænt 29. maí. Tún byrjuð að grænka 20. maí og orðin algræn 28. maí. Mikið mistur var í lofti 26. maí.

**Í júní** voru sunnan, suðaustan og suðvestanáttir algengastar. Í seinnihluta júní gekk í norðanátt og snjóaði í fjöll og gránaði á láglandi. Hámarkshiti var 19.7 stig, 1., 6. og 8. júní. Lágmarkshiti mældist 0.6 stig þann 24. júní. Frost mældist 2svar sinnum við jörð í júní, mest -0.8 stig 28. júní. Úthagi talinn algrænn þann 11. júní. Mikið moldrok var 18. júní.

**Í júlí** voru breytilegar áttir, þó norðan, vestan og suðlægar áttir tíðastar, en vindur hægur og oft logn. Hámarkshiti var 23.1 stig þann 6. júlí og var það mesti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti mældist 0.4 stig þann 1. júlí. Frost mældist 4 sinnum við jörðu í júlí, mest -1.6 stig 1. og 2. júlí. Jarðskjálfta varð vart 22. júlí kl. 22.43.

**Í ágúst** voru breytilegar áttir, mest sunnan og norðanáttir og logn. Hámarkshiti var 16.3 stig þann 13. ágúst. Lágmarkshiti mældist 0.9 stig 26. ágúst. Frost mældist 4 sinnum við jörðu í ágúst, mest -1.7 stig þann 7. ágúst. Grátt var í rót 27. ágúst. Stöku grein á birki farin að gulna 15. ágúst. Gulvíðir byrjaði að sölna 20. ágúst.

**Í september** voru austan og suðaustan áttir algengastar. Hámarkshiti var 14.9 stig þann 30. sept.. Lágmarkshiti var 0.1 stig 25. sept. Frost mældist 10 sinnum við jörðu í september, mest -1.6 stig 20. sept.. Úthagi byrjaði að sölna 2. sept. og að mestu sölnaður 20. sept. Birki orðið að mestu gult 19. sept. og mikið til lauflaust þann 25. sept. Lerki farið að gulna 18. sept og orðið algult 30. sept.

**Í október** var suðaustanátt tíðust, þó bar nokkuð á norðan og norðaustanátt. Hámarkshiti var 15.7 stig þann 7. okt. Lágmarkshiti mældist -13.6 stig þann 29. okt. Snjór mældist 18 daga í október, mest 4 cm. þann 18., 28.-31. október. Lerki orðið nálalaust 5. október.

**Í nóvember** var suðaustanátt mest ríkjandi. Hámarkshiti var 7.8 stig þann 8. nóv. Lágmarkshiti mældist -15.8 stig þann 22. nóvember. Mesta snjódýpt mældist 25. nóvember 32 cm.

**Í desember** bar mest á suðvestanátt en þó var nokkuð um norðlægar áttir. Hámarkshiti var 7.9 stig. þann 8. des. Lágmarkshiti mældist -13.6 stig 19. des. Meðalsnjódýpt var 87 cm. í desember, mest 166 cm. þann 19. desember.

## 1.2 Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1992

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	1,27	( -0,03)	59,5	(164,6)
Júlí	9,23	( 12,70)	36,1	(42,6)
Ágúst	8,28	( 10,20)	104,7	(17,7)
September	5,26	( 5,06)	80,3	(65,6)
Október	2,09	( 3,01)	58,2	(143,8)
Nóvember	-2,27	( -2,60)	125,5	(158,4)
Desember	-2,16	( -1,25)	221,8	(15,6)
	<b>2,64</b>	<b>( 3,40)</b>	<b>923,4</b>	<b>(890,9)</b>

Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 1991.

## 1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní - september var 7.87 stig, en var 9.0 stig sömu mánuði 1991.

## 1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sept.

10,5	-9,6	3,8	-1,1
11,5	-4,1	13,8	-1,3
12,5	-1,7	22,8	-0,7
13,5	-7,3	1,9	-0,9
14,5	-0,8	3,9	-2,3
15,5	-6,9	4,9	-1,4
24,5	-2,5	5,9	-0,7
21,6	-0,1	10,9	-0,2
30,6	-0,8	13,9	-0,1
1,7	-1,6	17,9	-0,8
2,7	-1,6	18,9	-0,6
13,7	-0,2	20,9	-1,6
23,7	-0,2		

## 1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20 stig.

26,5	20,5
28,5	20,0
6,7	23,1

Mesta frost vetrarins var -19,2 stig þann 15,3.

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### 2.1. Laufgun og lauffall

Birki byrjaði að bruma 14. maí og komið með grænan lit 17. maí og allaufgað 31. maí. Lerki fór að bruma 17. maí, komið með grænan lit 22. maí og algrænt 29. maí. Stöku greinar farnar að gulna 15. ágúst, orðið að mestu gult 19. sept. og mikið til lauflaust 25. sept. Lerki farið að gulna 18. sept. og orðið algult 30. sept.

### 2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var allgóður og mjög góður á sumum tegundum t.d. greni.

### 2.3. Fræfall

Fræ var á birki, greni og furu, en talið frekar illa þroskað.

## **2.4. Skaðar**

Skaðar voru ekki verulegir á trjágróðri þetta ár. Þó bar nokkuð á snjóbroti. Svólítið bar á skaða á ungu birki í Laugabrekku vegna rjúpu. Í girðingunni á Skuggabjörgum sáust skaðar á stafafuru 5-6 ára, sem líklega má rekja til hlýinda í janúar og snjóleysis.

## **3. STARFSFÓLK.**

Starfsfólk var að mestu það sama og síðustu ár. Ráðskona á Vöglum var Gunnhildur Arnþórsdóttir, Hrísgærði í Fnjóskadal. Verkstjórar voru eins og síðustu ár, Guðni Þorsteinn Arnþórsson á Vöglum og Marta Svavarsdóttir í Skagafirði. Margrét Guðmundsdóttir sá um bókhald og skrifstofustörf eins og síðustu ár. Vigdís Ágústsdóttir, Hofi í Vatnsdal sá um gróðursetningu og fleira á Gilá í Vatnsdal.

Laun og launatengd gjöld voru alls 16.331.704, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 1.625.468. Dagpeningar kr. 175.000, akstur kr. 247.735 og ASÍ laun kr. 14.283.501.

## **4. GIRÐINGAR.**

### **4.1. Viðhald**

Viðhald girðinga var svipað og síðustu ár. Flestar girðingar eru orðnar gamlar og þurfa því mikið viðhald. Rifið var nokkuð af gömlu girðingunni á Þórðarstaðafjalli og fékkst nokkuð magn af nothæfum járnstaurum úr henni. Einnig voru fjarlægðar gamlar girðingar af Hálsmelum.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 400.730, samtals 847 vinnustundir. Kostnaður við umsjón og smölun var kr. 183.931, samtals 357 vinnustundir, þar af mest v/Þórðarstaðagirðingar kr. 141.814, samtals 262 vinnustundir.

**Í Vagla og Hálsgirðingu** fóru 182 tréstaurar 6 fet, 530 m. net og 6 rúllur gaddavír.

**Í Þórðarstaðagirðingu** fóru 31 tréstaurar 6 fet.

**Í Skuggabjargagirðingu** fóru 52 tréstaurar 6 fet.

**Í Vagli á Þelamörk** fóru 15 tréstaurar.

**Í Sigríðarstaðagirðingu** fóru 40 tréstaurar 6 fet.

### **4.2. Nýgirðingar**

Haldið var áfram með Þórðarstaðagirðingu og var lokið við að ýta undir hana og undirbúið girðingarstæði. Settir voru niður nokkrir horn- og strekkistaurar, en hætta varð við framkvæmdir síðla sumars vegna mikilla rigninga. Mjög brýnt er að ljúka við

girðinguna á næsta ári. Fengnir voru lerkistaurar frá Hallormsstað í um 6 km. í



Laun og launatengd gjöldv/Þórðarstaðagirðingar var kr. 218,700, alls 431 vinnustundir. Annar kostnaður var kr. 284,251.

## **5. SKÓGARHÖGG**

### **5.1. Viður**

Skógarhögg fór fram í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi, Sigríðarstaðaskógi og Ásbyrgi. Haldið var áfram frá fyrra ári við að hreinsa brot úr birkiskógum og fella birki ofan af greni. Grisjað var lerki í Vaglaskógi og í Ásbyrgi var grisjað lerkistykki sem gróðursett var 1951-1958 innst í byrginu, austan vegar. Nýtanlegur viður úr grisjuninni í Ásbyrgi voru ca. 15 tonn, sem fara í girðingarstaura og borðvið. Þá var grisjuð skógarfura og greni í Ásbyrgi, en mikið verk er óunnið þar enn.

#### **Felldur viður :**

Birki	ca.	115.0 tonn
Lerki	ca.	18.0 tonn
Fura	ca.	0.5 tonn

#### **5.1.1. Sala girðingarstaura**

Engir staurar voru seldir á árinu 1992.

#### **5.1.2. Viðarsala**

Arinviður	4.121	pk
Smíðaviður	302.5	m.
Reykingarviður	2.180	kg
Birkikurl/Flís	2.280	kg
Plattar	4.159	stk.

#### **5.1.3. Birgðir í árslok**

Arinviður unnið	15	pokar
Birkikurl/Flís	39	pokar eða 975 kg.
Plattar	1.225	stk
Staurar 5 fet.	250	stk
Staurar 6 fet.	240	stk
Lerki óunnið	ca.	15 tonn

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 2.711. Laun og launatengd gjöld kr. 1.349.353.



## 5.2. Jólatré

Jólatré voru að mestu felld frá 16/11 og fram í miðjan desember. Tíðarfar var erfitt og var jólatréstaka erfið vegna snjóá, ófærðar og umhleypinga. Alls voru felld 1157 jólatré á eftirtöldum stöðum.

	Rauðgreni	Stafafura	Fjallapínur	Blágreni	Samtals
Ásbyrgi	129	4		5	138
Fellsskógur	227		188	71	486
Reykjarhóll	18	125		9	152
Sigríðarst.skógur	8	22			30
Vaglaskógur	40	8			48
Þórðarstaðaskógur	291	11		1	303
<b>Alls</b>	<b>713</b>	<b>170</b>	<b>188</b>	<b>86</b>	<b>1157</b>

Flutt var úr Skorradal 320 rauðgreni og þeim dreift um Norðurland. Ekki var keyptur neinn norðmannspínur þetta ár, en pöntunum á honum og stærri pöntunum á greinum vísað til Landgræðslusjóðs til afgreiðslu beint til kaupanda. Af felldum og aðfluttum trjám seldust 1386 tré, önnur fóru í frákast og til starfsmanna.

### Seld tré:

Stærð	Rauðgreni	Stafafura	Blágreni	Fjallapínur	Samtals
070-100	126	19	6	10	161
101-125	261	45	34	45	385
126-150	338	36	24	51	449
151-175	202	22	15	30	269
176-200	52	9	3	17	81
201-250	20			4	24
251-300	9			1	10
301-400	4				4
401-500	3				3
<b>Alls</b>	<b>1015</b>	<b>131</b>	<b>82</b>	<b>158</b>	<b>1386</b>

Skf. S-Þing. og Friðgeir Jónsson sáu að mestu um dreifingu á jólatrjám til Húsavíkur og í Mývatnssveit, annars var jólatrjám dreift um Norðurland frá Blönduósi til Þórshafnar.

Laun og launat. gjöld v/töku, flokkunar og afhendingar jólatrjáa og greina voru kr. 543.046, alls 1.041 vinnustundir. Annar kostnaður 334.360, alls kr. 988.406.

## Tekjur skiptust þannig:

	Sala	Aðkeypt	Mismunur
Jólatré	1.562.000	271.436	1.290.564
Innfl. og ísl. greinar	83.787	46.034	37.753
<b>Alls</b>	<b>1.645.787</b>	<b>317.470</b>	<b>1.328.317</b>

## 6. GRÓÐRARSTÖÐ.

### 6.1. Fræplöntur.

Fræsáning fór fram með nýrri sáningarvél, sem Sigurður Eiríksson á Hallormsstað stjórnaði. Sáð var lerki 14. apríl, birki var sáð í júní og síðan var sáð aftur með sáningarvél ýmsum tegundum í byrjun júlí. Sáð var fjallafuru í FP35 (alls 125 bakka). Blágreni, hvítgreni, runnafuru og rússalerki í FP40 (alls 4794 bakka), og birki, hengibirki og sitkabastarð í FP60 (alls 1400 bakka). Einnig var sáð í beð fjallapin og gráelri og prikklað í FP35 (alls 211 bakka), FP40 (alls 314 bakka) og FP60 (alls 3 bakka).

### 6.2. Dreifsetning

Dreifsetning fór fram seinni hluta júní og í byrjun júlí. Þó var stungið nokkuð af ösp og víðir í bakka fyrr. Dreifsettar voru 47.825 plöntur í beð, vafðar í móband 24.624 plöntur og stungið var 41.708 græðlingum í beð og 4.235 í FP35 bakka.

### 6.3. Garðplöntur

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 3.129.062 og afhentir styrkir fyrir kr. 355.970. Garðplöntur í eigin skóglendi kr. 28.000. Stungið var 7.798 sumargræðlingum og pottaðar 6.361 plöntur. Seldar og afhentar voru 34.415 garðplöntur og til sölu og afhendingar eru áætlaðar 74.009 plöntur 1993.

#### **6.4. Afhending skógplantna**

Afhentar voru 174.431 plöntur úr gróðrarstöðvunun.

Seldar skógplöntur	1,850,967
Millifærslur og styrkir	1,867,385
Afh. í eigin skóglendi	833,905
<b>Alls</b>	<b>4,552,257</b>

#### **6.5. Illgresiseyðing**

Illgresiseyðing var eins og síðustu ár. Sprautað var með Roundup þar sem það hentaði, en svo varð að handreyta mest af dreifsetningunni, sem var mikið verk.

#### **6.6. Nýframkvæmdir**

Nýframkvæmdir voru þær helstar, að í gróðrarstöðinni á Vöglum var reist nýtt gróðurhús á grunni húss, sem sligaðist undan snjó 1990. Verður nánar greint frá því í lið 9 (Byggingar). Keypt var miðstöð í gróðurhúsið sem aðalsáningin fór fram í og breytir það miklu.

## 6.8. Kostnaður.

### Laugabrekka

	Kr.	Vinnust.
Plöntuuppeldi almennt	530.907	1.070
Skógplöntur	74.523	173
Fjölþottar	124.624	238
Garðplöntur	638.511	1.164
<b>Alls</b>	<b>1.368.565</b>	<b>2.645</b>
<b>Vaglir:</b>		
Plöntuuppeldi almennt	64.527	123
Verkstjórn	845.442	1.387
Frídagavaktir	175.962	192
Ræktunarbúnaður	125.295	248
Umhirða	13.462	26
Jarðarbætur	13.980	27
Vetrarumbúnaður almennt	2.359	5
Skjólbelti	3.786	9
Fæðisfé plöntuupp.alm.	17.454	
Skógarplöntur almennt	927	2
Sáning skógplantna	10.660	14
Dreifsetn. berrót	168.047	415
Móbandsplöntur	123.079	257
Uppt. meðf. afgr. skógpl.	136.236	289
Vetrarumb. skógpl.	13.562	28
Fæðisfé skógpl.	1.386	
Fjölþottar almennt	45.497	99
Hreinsun bakka	4.929	12
Moldarfylling fjölp.	200.655	411
Sáning fjölp.	96.456	201
Grisjun fjölp.	401.932	823
Umhirða fjölp.	151.410	378
Afhending fjölp.	170.733	366
Vetrarumbún. fjölp.	125.955	259
Fæðisfé fjölp.	16.612	
Garðplöntur almennt	3.061	5
Stiklingar útiræktun	77.606	168
Stiklingar inniræktun	88.278	289
Garðplöntur beðpl.	111.612	231
Garðplöntur þottapl	734.294	1.572

4.356.212



## 7. GRÓÐURSETNING

### Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda

	<b>Tegundir</b>	<b>Aldur</b>	<b>Kvæmi</b>	<b>Nr</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Reitur</b>
Hálsmelar v/leiga	Rússalerki	2/0	Imatra	900006	<b>300</b>	
Gilá í Vatnsdal	Birki	2/0	Stórhöfði	890019	<b>10000</b>	
Reykjarhóll	Alaskavíðir		Brúnn		300	
	Viðja				200	
	Birki	1/3	Hrafnsgerði	842151	260	
	Blágreni	2/5		C-118	490	
	Rauðgreni	2/3	Rana	832127	200	
	Stafafura	2/3	T. Lake	870005	2530	
					<b>3980</b>	
Reykjarhóll v/heitt vatn	Stafafura	2/3	T. Lake	870005	<b>500</b>	
Kristnes	Rússalerki	2/0	Imatra	900006	<b>2940</b>	172
Sigríðarstaðask.	Rauðgreni	2/3	Rana	832127	<b>6300</b>	
Skuggabjörg	Mýrarlerki	2/0	D. junc.	900001	4750	
	Stafafura	2/3	T. Lake	870005	3840	
					<b>8590</b>	
Vaglaskógur	Blágreni		óvíst		165	307
	Blágreni		Stein		300	307
	Blágreni		Rio Grande		250	307
	Fjallapínur	3/0	Skagway	880002	1000	307
					<b>1715</b>	
				<b>Alls</b>	<b>34325</b>	

Gróðursetning fór fram í júní og júlí í Vaglaskógi, Gilá og Reykjarhól, ágúst – september í Skuggabjörgum, september í Sigríðarstaðaskógi og 6. – 7. október í Kristnesi. Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu voru kr. 270.214, vinnust. 629.

## 8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við umhirðu og grisjun í Ásbyrgi, Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi, Fellsskógi og Reykjarhól. Vinna þyrfti miklu meira við umhirðu eldri gróðursetninga og er það farið að koma niður á minnkandi tekjur jólatrjáa.

Ásbyrgi	35 tímar	kr.	16,665
Vaglaskógur	80 tímar	kr.	57,428
Þórðarstaðaskógur	74 tímar	kr.	36,092
Fellsskógur	213 tímar	kr.	109,175
Reykjarhóll	179 tímar	kr.	88,357

## 9. Byggingar.

Byggt var nýtt gróðurhús á grunni þess sem féll undan snjóþunga árið 1990. Gróðurhúsið er byggt úr límtré frá Límtré hf., Flúðum, og klætt með tvöföldu plasti, sem keypt var frá Akron hf.. Húsið var reyst af starfsmönnum á Vöglum og var það orðið folhelt í endaðan nóvember og nýttist því fyrir jólatré í desember. Á næsta ári er fyrirhugað að setja í húsið olíukyndara, sjálfvirkan opnunarbúnað og vökvunarbómu. Fyrirhugað er að sá til trjáplantna í húsið snemma vors 1993. Húsið er til muna hærra en gömlu húsin og sest því ekki eins mikill snjór á það. Húsið mun breyta mjög



miklu, bæði um ræktun og ekki síður aðstöðu fyrir jólatré og vinnuaðstöðu að



## 10. Vélar og verkfæri.

Viðhald á vélum og tækjum var líkt og fyrri ár. Þó var gerður upp mótur í vörubifreið og keypt undir hann ný framdekk. Smíðuð var ný kerra, sem bæði er ætluð til almennra flutninga og síðan til plöntuflutninga með færanlegum hillum fyrir bakkaplöntur. Lappländerbifreið árgerð 1980 er orðin mjög þreytt, þá sérstaklega mótur og er varla hægt að fresta endurnýjun miklu lengur

## 11. NYTJASKÓGAR Á BÚJÖRÐUM

Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjölda.

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi
<b>Skagafjörður</b>					
Egilsá	Rússalerki	2/0	Imatra	900006	<b>7500</b>
Silfrastaðir	Rússalerki	2/0	Imatra	900006	7500
	Rússalerki	1/0	Pinega	900014	7500
					<b>15000</b>
<b>S-Ping</b>					
Jódísarstaðir	Rússalerki	1/0	Pinega	900014	2500
	Stafafura	2/2	Wat. Lake	862180	3500
					<b>6000</b>
Hrafnsstaðir	Rússalerki	2/0	Imatra	900006	<b>4000</b>
Breiðamýri	Rússalerki	2/0	Imatra	900006	3750
	Rússalerki	1/0	Pinega	900014	3750
					<b>7500</b>
Lindarhlíð	Rússalerki	2/0	Imatra	900006	<b>5000</b>
Breiðanes	Rússalerki	1/0	Pinega	900014	<b>2500</b>

Laugaból	Rússalerki	1/0	Pinega	900014	<b>1250</b>
Laugafell	Rússalerki	2/0	Imatra	900006	1000
	Rússalerki	1/0	Pinega	900014	4000
					<b>5000</b>
Narfastaðir	Alaskaösp	1/0			500
	Rússalerki	1/0	Pinega	900014	2500
	Stafafura	2/2	R. Creek	862179	5000
	Stafafura	2/1	L.Laberge	862178	2500
					<b>10500</b>
			<b>Alls</b>		<b>64250</b>

Unnið var nú á nytjaskógajörðum í fyrsta skipti eftir nýgerðum samningi, sem gengið var frá um skiptingu á stofnkostnaði milli ríkisins og bænda, sem taka þátt í verkefninu. Umsjón með framkvæmdum nytjaskóga í Eyjafirði var í höndum Skf. Eyfirðinga, eins og undanfarin ár og starfsmaður við verkefnið var Helgi Þórsson. Gróðursettar voru alls 178,000 plöntur í Eyjafirði. Umsjónarmaður með framkvæmdum í S-Þingeyjarsýslu var Friðgeir Jónsson eins og undanfarin ár. Unnið var á vegum Áætlanadeildar við skipulagningu og áætlanagerð í Eyjafirði og Skagafirði og við úttektir á framkvæmdum á þeim jörðum á Norðurlandi, sem tóku þátt í nytjaskógaverkefninu. Mjög brýnt er að ljúka vinnu við áætlunargerð á jörðum í S-Þing. sem setið hefur á hakanum undanfarin ár. Nánari upplýsingar um nytjaskóga á Norðurlandi er að finna í mjög ítarlegri greinargerð, sem Arnór Snorrason gerði um framkvæmdir síðastliðins árs.

## 12. ÝMISLEGT

### 12.1. Fundir og ferðalög

**28/1 - 1/2** Fór suður til Reykjavíkur til að útrétta, fór austur í Tumastaði að skoða gróðurhús og síðan með Tumastaðamönnum í heimsókn til Skógræktarfélag Reykjavíkur í Fossvogi.

**22/2** Fór á fund í Ídölum í Aðaldal um uppgræðslumál á vegum Búnaðarsambands S-Þing. og Skf. S-Þing.

**10/3 - 12/3** Sat starfsmannafund S.R. á Egilsstöðum.

**16/3 - 20/3** Vinna við samninga um nytjaskógrækt við bændur á Norðurlandi með Arnóri Snorrasyni.

**21/3** Ráðstefna á Húsavík á vegum Húsgulls.

**6/4 - 9/4** Fór austur í Egilsstaði til að vinna við korta og áætlunargerð.

**12/4** Fór vestur í Miðfjörð með Sigurði Blöndal á fund með stjórn Bjargshóls.

**23/4** Sat aðalfund Skf. Fnjóskdæla, haldinn að Furuvöllum í Vaglaskógi.  
**24/4** Sat aðalfund Búnaðarsambands Fnjóskdæla á Illugastöðum.  
**1/5** Fundur í Ljósveitingabúð með landeigendum um friðun Kinnarfells.  
**2/5** Sat aðalfund Skf. N-Þing. að Lundi í Öxarfirði.  
**3/5** Sat aðalfund Skf. S-Þing. í Reykjahlíð í Mývatnssveit.  
**11/5 - 16/5** Fór suður til Reykjavíkur. Kom við í Varmahlíð með plöntur. Útréttaði í Reykjavík og náði í plöntur að Tumastöðum og Grundarhól og fór með þær norður í land. Sat aðalfund félags sumardvalastaða á Hótel Sögu.  
**23/5** Fór vestur á Blönduós og var við útför Haraldar Jónssonar, formanns Skf. A-Húnvetninga.  
**2/6** Sat fund í Stórutjarnarskóla um atvinnumál.  
**3/6** Sat fund í Bárðardalsskóla um ferðamál í S-Þing.  
**5/6 - 6/6** Fór á aðalfund Skf. A-Húnvetninga á Blönduósi.  
**14/7 - 15/7** Fór austur á Hallormsstað á vörubíl til að ná í stauraefni. Kom við á aðalskrifstofu á Egilsstöðum.  
**21/7 - 22/7** Fór með plöntur á Blönduós. Kom við á Bjargshóli í Miðfirði, Hofi, Saurbæ og Flögu í Vatnsdal.  
**23/7** Fór á bæi í Köldukinn og til Húsavíkur til að leiðbeina um gróður.  
**27/7** Fór í Ásbyrgi til móts við Jón Loftsson og Árna Halldórsson, lögfræðing, vegna samninga um lok á ábúð í Ásbyrgi. Fór síðan með Jóni í Akurgerði, land Skf. N-Þing. og um Ásbyrgi.  
**24/8 - 25/8** Fór vestur í Skagafjörð með plöntur, átti fund með oddvita Seyluhrepps og skólastjóra Varmahlíðarskóla um væntanlegt gróðurhús fyrir nemendur, sem reisa á í Laugabrekkustöðinni. Fór síðan áfram vestur í Húnavatnssýslu og kom við á Þingeyrum, Sigríðarstöðum og Hrappsstöðum í Vestur Hópi og skoðaði landgræðslu og væntanlegt skógræktarland. Kom síðan við á Hofi og Gilá í Vatnsdal.  
**27/8 - 30/8** Sat aðalfund Skf. Íslands á Akranesi.  
**20/9 - 26/9** Fór í kynnisferð til Danmerkur á vegum Skf. Íslands í boði Danska Heiðarfélagsins, ásamt 16 manns frá Skf. Íslands og Skógrækt ríkisins. Farið var um Jótland og skoðuð skjólbelti, jólatrjáræktun og uppgræðsla.  
**8/10 - 11/10** Fór suður til Reykjavíkur. Kom við á Bjargshóli og Bjargi í Miðfirði. Fór á fund með Daníel Daníelssyni út af ræktun á Bjargshóli. Fór á fund með Þóroddi í Náttúruverndarráði út af Ásbyrgi og sat ráðstefnu í Norræna húsinu á vegum Skf. Íslands og Landverndar.  
**12/10 - 16/10** Var í Ásbyrgi ásamt starfsmönnum við grisjun ofl.  
**6/11 - 7/11** Sat Starfsmannafund á Mógilsá um fjármál ofl.  
**15/11** Fór suður til Reykjavíkur á fund með stjórn Bjargshóls í Miðfirði.  
**17/11** Fundur á Furuvöllum í Vaglaskógi um stofnun á félagsskap svipað og gróðurbótafélaginu fyrir sunnan.  
**21/11 - 22/11** Sat ráðstefnu um atvinnumál að Hrafnagili í Eyjafjarðarsveit.  
Þetta er það helsta, sem ég vil segja um ferðalög og fundarhöld, en auk þessa sat ég alla fundi í nytjaskóganefndum í Skagafirði, Eyjafirði og S-Þing., sem voru óvenju margir, vegna gerð samninga. Auk þess fór ég margar ferðir til Akureyrar vegna ýmissa erinda, sem ég tel ekki hér upp.

## 12.2. Ferðafólk.

Ferðafólk var aðeins færra síðastliðið sumar en sumarið 1991 á tjaldsvæðunum í Vaglaskógi, líklega vegna leiðinlegrar veðráttu. Tjaldsvæðin voru opnuð 5. júní þetta ár, sem er með því fyrsta, sem gerst hefur, en það kom til vegna mikils þrýstings að opna fyrir hvítasunnuhelgina. Mikið var af unglíngum á tjaldsvæðunum um hvítasunnuna og verslunarmannahelgina og var samið við Björgunarsveitina Þingey í S-Þing. um gæslu þessar helgar og tókst það nokkuð vel.

Aukning hefur verið á því að fólk komi í dagsferðir í Vaglaskóg og skoði sig um.

Sigurður Blöndal kom seinni hluta vetrar og lagfærði, ásamt starfsmönnum á Vöglum, skóginn ofan við gamla græðireiti í Vaglaskógi og er á áætlun, að koma þar upp vísi að trjásafni.

Mikið kom af fólki í skóginn í Reykjarhól í Skagafirði, en þar þarf að lagfæra aðstöðu eins og sagt var frá í síðustu ársskýrslu.

Sigurður Blöndal kom í heimsókn með stúdenta frá Ási í Vaglaskóg og Reykjarhól í byrjun ágústmánaðar. Gestir sem voru á ráðstefnu um birki, sem haldin var á Illugastöðum í september, komu í heimsókn í Þórðarstaðaskóg og Vaglaskóg og skoðuðu sig um og þáðu veitingar.

Skráðar gistinætur voru 10.409, sem skiptust þannig eftir mán: Í júní 2.228, í júlí 3.940 og ágúst 4.241.

Tekjur af útivistarsvæði kr. 1.749.420. Laun og launatengd gjöld kr. 665.594, 1.166 vinnustundir. annar kostnaður kr. 493.024.

## 12.4. Annað.

Starfsmenn Skógræktar ríkisins á Hallormsstað og af Suðurlandi komu í heimsókn á haustdögum og ferðuðust um ásamt starfsmönnum á Vöglum um skóglendi í Eyjafirði og S-Þing., skoðuðu gróðrarstöðina í Kjarna og Lystigarðinn á Akureyri. Heimsókn þessi tókst mjög vel að mínum dómi og tel ég svona heimsóknir mjög gagnlegar fyrir starfsmenn.

Lögð var ný vatnsleiðsla frá vatnsbóli uppi í fjalli á syðri hluta útivistarsvæðis og í sumarhús KEA. Kostnaður skiptist jafnt milli Skógræktarinnar og Starfsmannafélags KEA. Allt vatn, sem tekið er úr krönum á útivistarsvæði í Vaglaskógi, er nú tekið úr lokuðu vatnsbóli og stenst vonandi þær kröfur sem gerðar eru.

Eins og tekið hefur verið fram í síðustu ársskýrslum, tel ég mjög aðkallandi að ráðinn verði áætlanafulltrúi á Norðurland vegna aukinna verkefna í skógrækt.

Ég vil að lokum þakka öllu starfsfólki nær og fjær, fyrir gott samstarf á árinu 1992.

Vöglum í apríl 1993.

